



Alþingi
Erindi nr. Ö 138/137
komudagur 9.7.2010

Þjóðskjalasafn Íslands
National Archives of Iceland

Reykjavík, 9. júlí 2010

Atli Gíslason, alþingismaður
formaður Þingmannanefndar Alþingis um Rannsóknarskýrslu Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Varðandi gagnagrunna Rannsóknarnefndar Alþingis

Í bréfi Þingmannanefndar Alþingis er nokkrum spurningum beint til Þjóðskjalavarðar um gagnagrunna Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök að falli bankanna. Verður hverri um sig svarað í þeirri röð sem þær voru í bréfi þingmannanefndarinnar.

1. Þjóðskjalasafn Íslands hefur góðar aðstæður til að taka rafræna gagnagrunna til langtímarvarðveislu á tölvutæku formi. Alþingi breytti lögum um Þjóðskjalasafn Íslands í september 2008 í því skyni að koma á rafrænum skilum til safnsins. Reglur um rafræna skjalavörslu voru settar í ágúst 2009 og er unnið eftir þeim fyrir skilaskyld gögn opinberra aðila (þ.m.t. gerð varðveislueintaka til langtímarvarðveislu). Auk þess eru fullnægjandi aðstæður fyrir hendi til að sinna afgreiðslu úr skjalasafni Rannsóknarnefndar Alþingis, en kveðið er á um í lögum um Rannsóknarnefndina að Þjóðskjalasafn Íslands sinni því verkefni.
2. Ekki eru áform um að útvista starfsskyldum Þjóðskjalasafns Íslands varðandi skjala- og gagnasafn Rannsóknarnefndarinnar, enda er varsla af þessu tagi eðlilegur þáttur í reglubundinni starfsemi Þjóðskjalasafns. Þá skal þess getið að öll gögn föllnu bankanna eru skilaskyld samkvæmt lögum um gjaldþrot og verða einnig afhent og varðveitt í Þjóðskjalasafni. Gögn þessi í heild sinni munu gefa kost á rannsóknum þegar frá líður. Skjalasafn Rannsóknarnefndar Alþingis var afhent Þjóðskjalasafni 30. júní, þegar Rannsóknarnefndin lagði niður störf og losaði leiguhúsnæði sem hún hafði haft til afnota.
3. Um aðgang að gögnum Rannsóknarnefndar Alþingis fer eftir upplýsingalögum og þeim ákvæðum laga 142/2008 um Rannsóknarnefnd Alþingis sem um aðgengið fjalla, sbr. 18. grein. Þá verður haft samráð við Persónuvernd um aðgang og tæknilegar varúðarráðstafanir. Þjóðskjalasafn Íslands hefur frá upphafi varðveitt trúnaðargögn og viðhaft ákveðið verklag við afgreiðslu þeirra skjala sem tryggir að einungis þeir sem til er ætlast fái aðgang að þeim upplýsingum. Á meðal þeirra gagna eru t.d. skjöl er varða öryggi landsins, barnaverndarmál og fleira. Verði skipuð ný rannsóknarnefnd mun hún hafa aðgang að gögnum Rannsóknarnefndarinnar eins og kveðið er á um í lögum nr. 142/2008 um hana, 15. gr. "Þeir sem annast framhaldsrannsókn eiga aðgang að gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað að því marki sem nauðsynlegt er í þágu rannsóknarinnar". Starfsfólk verður þjálfað sérstaklega til að sinna afgreiðslu úr gögnum nefndarinnar þegar þau verða tilbúin til afgreiðslu.

4. Í Þjóðskjalasafni Íslands er að finna örugga starfsaðstöðu fyrir fræðimenn sem rannsaka vilja skjalasafn Rannsóknarnefndar Alþingis. Þegar hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til að auka öryggi í þeim rýmum þar sem gestir fá að öðru jöfnu aðgang vegna sérstakra trúnaðargagna. Tölvukerfi sem hýsir rafræn gögn Rannsóknarnefndarinnar verður ótengt öðrum tölvukerfum. Þorri skjalasafns Rannsóknarnefndar er á rafrænu formi og forrita þarf rannsóknarspurningar til skoðunar á þeim. Mun sú vinna verða unnin af starfsmönnum Þjóðskjalasafns. Notendur munu ekki vinna sjálfir með grunngögnin, heldur fá afhentar upplýsingar sem óskað er eftir á grundvelli rannsóknarspurninga.

Þjóðskjalasafn Íslands er að reiðubúið að vera þingmannanefndinni til aðstoðar verði eftir því leitað.



þjóðskjalavörður



Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður
Þjóðskjalasafni Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2010

Varðar: Gagnagrunnar rannsóknarnefndar Alþingis

Samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsóknarskýrslu Alþingis eru Þjóðskjalasafni falin tiltekin verkefni sem nánar er lýst í 18. gr. laganna. Þar segir meðal annars að gögn sem aflað hefur verið vegna rannsóknarinnar skuli færð á Þjóðskjalasafnið en að safninu sé heimilt að gera samning við aðra ríkisstofnun á grundvelli 30. gr. fjárreiðulaga um að rækja starfsskyldur safnsins um ákveðinn tíma. Þá er nánar kveðið á um aðgang að umræddum gagnagrunnum, afritun þeirra og ákvarðanatökur um aðgang að grunnunum.

Í ljósi þessara nýju verkefna vill þingmannanefnd sem fjallar nú um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og hefur skv. lögnum þá skyldu að taka afstöðu til þess hvort einhverjum hluta rannsóknargagnanna verði skilað síðar en áætlað er skv. 5. mgr. 17. gr. sbr. 5. mgr. 15. gr. óska svara við eftirfarandi spurningum um meðferð gagnagrunna hjá Þjóðskjalasafninu;

1. Hefur Þjóðskjalasafnið möguleika til geymslu á og aðgangs að gagnagrunnum á tölvutæku formi?
2. Mun Þjóðskjalasafnið nýta sér heimild í 1. mgr. 18. gr. til útvistunar á starfsskyldum sínum skv. ákvæðum greinarinnar?
4. Hvaða aðferðir hefur Þjóðskjalasafnið til að vernda persónuupplýsingar sem koma fram í gögnum rannsóknarnefndarinnar?
5. Er til staðar á Þjóðskjalasafnið örugg aðstaða til fræðilegra rannsókn skv. 4. mgr. 18. gr. laganna um rannsóknarnefndina?

Þess er óskað að svar berist nefndinni ekki síðar en 10. júlí nk.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd þingmannanefndarinnar,

Atli Gíslason, formaður

